

Nd.

126. Tillaga til þingsályktunar

um rannsókn á undirstöðuatriðum nýrrar verðlagsskrár o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela hagstofunni að rannsaka fyrir næsta þing, hver leið sé heppilegust til að fá árlega rétta verðlagsskrá yfir aðalframleiðsluvörur landsmanna, er verið geti öruggur mælikvarði á þær breytingar, sem verða frá ári til árs á hag framleiðenda landsins.

Í öðru lagi sé athugað, á hvern hátt sé auðveldast að fá rétta verðvísitölu um framfærsluþarfir neytendanna, er verið geti mælikvarði á breytingu þeirra frá ári til árs.

Greinargerð.

Landbúnaðarnefnd hefir athugað frumvarp Jóns Pálmasonar þm. A.-Húnvetninga um „landaura og verðlagsskrár“ og telur það vera merkilegt og þýðingarmikið mál. Er líka sammála flutningsmanni um það, að gildandi lög um verðlagsskrár séu með öllu úrelt. Hinsvegar telur nefndin hér um svo vandasamt og flókið mál að ræða, að sjálfsagt sé að undirbúa það vandlega áður en ný lög eru sett með bindandi ákvæðum fyrir langa framtíð. Nefndin er líka sammála um, að ekki skipti miklu máli, hvort slík lög ná fram að ganga á þessu þingi eða næsta, og því sé rétt að fela Hagstofu Íslands að athuga málið fyrir næsta Alþingi.

Jafnframt vill nefndin láta rannsaka, hverjir möguleikar eru til að fá rétta verðvísitölu um framfærsluþarfir neytendanna í landinu.

Að öðru leyti mun verða gerð frekari grein fyrir afstöðu nefndarinnar í fram-sögu.